



Reykjavík, í febrúar 2017.

RÁÐSTEFNUKALL

Sautjándi alþjóðlega fornsagnaþingið verður haldið í Reykjavík og Reykholti dagana 12.–17. ágúst 2018. Yfirskrift þingsins verður *Íslendingasögur* en til að minnast þess að árið 2018 verða liðin 900 ár frá upphafi lagaritunar á Íslandi verða lög og lagaritun undirþema þingsins.

Heiðursfyrirlesarar verða:

Carol Clover, prófessor emeritus við Háskólann í Kaliforníu, Berkeley

Lena Rohrbach, prófessor í norrænum fræðum við Humboldt-háskólann í Berlín

Andrew Wawn, prófessor emeritus við Háskólann í Leeds

Fyrirlestrum verður skipað undir fjögur meginþemu sem öll hafa fjölbreytt undirþemu. Það er okkur ánægja að bjóða væntanlegum fyrirlesurum að senda inn útdrætti fyrir eitthvert þeirra þema sem talin eru upp hér að neðan. Fyrirlesarar eru vinsamlegast beðnir um að senda **aðeins einn útdrátt fyrir eitt undirþema**.

ÞEMU

1. Uppruni og miðlun

- a. Uppruni Íslendingasagna
- b. Landslag og minjar
- c. Handrit og textageymd
- d. Litrænar viðtökur og fjölmiðlar
- e. Þýðingar

Sérstök málstofa: Uppruni og miðlun

2. Litrænt gildi sagna

- a. Nýjar nálganir og kenningar
- b. Frásagnartækni og stíll
- c. Kveðskapur; samspil bundins máls og óbundins
- d. Merking og túlkun

Sérstök málstofa: Tilfinningar í Íslendingasögum

3. Heimsmynd

- a. Menningarmót og menningarheimar
- b. Kyn, kynvitund og kynhlutverk
- c. Yfirnáttúra
- d. Aðrar bókmenntagreinar

Sérstök málstofa: Framandleiki, forræði, andóf

Sérstök málstofa: Hlutverk galdurs í Íslendingasögum

4. 'Með lögum skal land byggja'

- a. Ofbeldi og átök
- b. Lög og lagamenning
- c. Stjórnmal og samfélag

Sérstök málstofa: Lagamenning og réttarfar á Íslandi á miðöldum

Þátttakendur geta valið um þrenns konar vettvang:

- Hefðbundnar málstofur með 3–4 stökum fyrirlestrum
- Veggspjaldakynningu
- Sérstakar málstofur með 6–8 þátttakendum.

Þátttakendur eru beðnir um að gera grein fyrir því formi sem þeir myndu helst kjósa fyrir framlag sitt (hefðbundinn fyrirlestur, veggspjald, sérstök málstofa). Vegna takmarkaðs rúms í dagskránni er ekki víst að hægt verði að uppfylla óskir allra varðandi form erinda.

Veggspjaldakynningin nær yfir öll þemu ráðstefnunnar. Þeir sem kynna veggspjöld skulu vera viðbúinir að svara spurningum meðan á veggspjaldakynningunni stendur. Sérstöku málstofunnar eru hugsaðar sem vettvangur fyrir þátttakendur til ræða um umfjöllunarefni á hnitmiðaðan hátt þar sem unnið er markvisst með ákveðið þema, hugmynd eða viðfangsefni. Þær verða leiddar af málstofustjóra og gætu falið í sér að fólk deili efni eða hugmyndum fyrirfram til að stuðla að markvissari samræðum í málstofunni. Ætlast er til að þátttakendur haldi stutta (5 mínútna) kynningu á efni sínu og/eða kenningum í upphafi málstofunnar en síðan munu umræður hefjast. Nánari upplýsingar um umfjöllunarefni sérstöku málstofanna má finna á vefsíðu fornsagnaþingsins. **Athugið að sérstakar málstofur munu fara fram á ensku.**

Þau sem vilja leggja fram tillögu að erindi eru beðin um að senda útdrátt, **ekki lengri en 350 orð**, sem lýsir efni þess á skýran máta. Útdráttum skulu fylgja upplýsingar um **nafn, stöðu, stofnun, tæknilegar þarfir, valið undirþema og form kynningar (fyrirlestur, veggspjald, sérstaka málstofu)**. Útdráttum skal skila rafrænt í gegnum vef ráðstefnunnar: <http://sagaconference2018.hi.is> eigi síðar en **1. júní 2017**.

Fyrirlestra má flytja á íslensku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, þýsku og frönsku. Vinsamlegast athugið að **hafa titil og útdrátt á því tungumáli sem fyrirlesturinn verður fluttur á**. Hið sama gildir um veggspjöld. Hvorki verður tekið við ófullgerðum útdráttum né þeim sem falla utan þeirra þema sem koma fram hér að ofan. Hver þátttakandi getur aðeins verið með eitt erindi á ráðstefnunni (veggspjaldakynningar og sérstakar málstofur eru þar með talin). Reiknað er með að senda þátttakendum svör um miðjan október 2017.

Fyrir hönd undirbúningshópsins,

AÐALHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR
ÁRMANN JAKOBSSON
JÓHANNA KATRÍN FRIÐRIKSDÓTTIR
EMILY LETHBRIDGE
SIF RÍKHARÐSDÓTTIR
VIÐAR PÁLSSON

GÍSLI SIGURÐSSON
GUÐRÚN NORDAL
HARALDUR BERNHARÐSSON
SIF RÍKHARÐSDÓTTIR
SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR

dagskrárnefnd fornsagnaþings 2018

framkvæmdanefnd fornsagnaþings 2018